

9 Frjáls félagasamtök

9.1 Öryrkjabandalag Íslands, Hátúni 10, Reykjavík

Bandalagið var stofnað árið 1961 og eiga 24 félög aðild að því, þar á meðal Geðhjálp og Geðverndarfélag Íslands. Árið 1966 var hússjóður ÖBÍ stofnaður til að byggja og kaupa íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja. Hússjóðurinn á nú 540 íbúðir víðsvegar á landinu, flestar á höfuðborgarsvæðinu. Í Hátúni 10 eru 240 íbúðir með um 300 íbúum, þar af eru 70 skilgreindir sem geðfatlaðir. Af þeim 800 íbúum í húsnæði ÖBÍ eru 142 geðfatlaðir. Á 200 manna biðlista eftir íbúðum er 84 geðfatlaðir.

Geðfatlaðir fá sömu þjónustu og aðrir íbúar á vegum ÖBÍ, þ.e. heimilishjálp og heimilishjúkrun og liðveislu frá sveitarfélagi og ennfremur frekari liðveislu frá svæðisskrifstofum. Geðfatlaðir þurfa mikið á liðveislu að halda, en með öflugri hjálpi og stuðningsþjónustu geta geðfatlaðir búið utan stofnana langtímum saman.

9.2 Geðhjálp

Geðhjálpi var stofnuð árið 1979. Geðhjálpi er félag þeirra sem hafa þurft eða þurfa aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annars áhugafólks um geðheilbrigðismál.

Samkvæmt lögum félagsins er tilgangur þess að bæta hag þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða og aðstandenda þeirra, með því að efla umræðu um geðheilbrigðisþjónustu, stuðla að endurbótum, efla fræðslu um eðli geðrænna vandamála, minnka fordóma og breyta viðhorfum, efla forvarnavinnu og stuðla að því að þeim sem eiga við geðræn vandamál að stríða veitist eðlileg skilyrði til að njóta hæfileika sinna, menntunar og starfsorku og vinna gegn hverskonar mismunum gagnvart þeim.

Félaginu er stjórnað af sjö manna stjórn. Framkvæmdastjóri er í fullu starfi og sér um öll fjármál og rekstur félagsins og Stuðningsþjónustu Geðhjálp. Samkvæmt starfslýsingu eru verkefni hans að aðstoða einstaklinga sem leita til félagsins, sinna réttindagæslu geðsjúkra almennt og sjá um daglegan rekstur. Framkvæmdastjóri situr í samstarfshópi um Stuðningsþjónustu Geðhjálp og í stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

Núverandi stjórn skipa Pétur Hauksson, formaður, Eydís Sveinbjarnardóttir, varaformaður, Einar Andrésson, gjaldkeri, Kristján Jónsson, ritari, Sigríður Kristinsdóttir, Vilmar Pedersen og Karl Valdimarsson. Fyrsti formaður félagsins var Hope Knútsson og annar Magnús Þorgrímsson.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að koma rekstri félagsins í betra horf með bættu bókhaldi, með tölvufærðu launabókhaldskerfi og viðskiptamannaskrá og gerð kjarasamninga við starfsfólk Stuðningsþjónustu. Tryggingamál félagsins voru tekin til gagngerðrar endurskoðunar og gengið frá launþegatryggingu, eignatryggingu, ábyrgðartryggingu og fleiru. Þessar

tryggingar komu sér vel þegar ein íbúð Stuðningsþjónustunnar brann í maí 1996.

Skrifstofa félagsins og félagsmiðstöð fluttu 1. október 1997 frá Öldugötu 15 í Hafnarbúðir við Tryggvagötu 9. Geðhjálp óskaði eftir aðstoð við útvegum varanlegs húsnæðis fyrir starfsemi félagsins og íbúðir fyrir geðfatlaða. Þegar þetta er ritað eru í gangi viðræður um að félagið yfirtaki húsnæði í eigu ríkisins við Túngötu 7 í Reykjavík.

9.2.1 Starfsemi félagsins

Réttindagæsla

Mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins er að standa vörð um réttindi geðsjúkra, bæði einstaklinga sem leita til félagsins og geðsjúkra almennt. Hið síðarnefnda er gert með ýmsu móti. Stjórn félagsins og starfsmenn vinna samkvæmt lögum félagsins og stefnumörkun að því að standa vörð um réttindi hins sjúka í samfélaginu, berjast gegn skerðingu á þjónustu og gegn fordómum og vanvirðandi meðferð af öllu tagi. Virðing fyrir einstaklingnum er höfð að leiðarljósi. Félagið semur umsagnir um lagafrumvörp, reglur og áætlanir. Athyglisvert er að áður fyrr hafði löggjafinn náði samráð við félagið, t.d. við setningu lögræðislaga 1982, en við endurskoðun þeirra laga á síðasta ári (1997) var ekkert samráð haft við félagið. Geðhjálpar þarf því í auknum mæli að eiga frumkvæði í réttindagæslu gagnvart hinu opinbera. Reynslan hefur aftur á móti sýnt að með ábyrgu starfi er hægt að hafa áhrif á ákvarðanatöku og stefnumörkun.

Félagsmiðstöðin

Félagsmiðstöðin er opin alla virka daga kl.11-17. Á miðvikudögum er opið til kl.18. Föst dagskrá er sund, keila, kaffihús og bíóferðir, tónlist og opið hús.

Heitur matur er í hádeginu alla virka daga. Mánaðarkort kostar um kr. 5000 en stök máltíð kr. 300. Kaffi kostar kr. 50. Að jafnaði eru 15-20 manns í föstu fæði og fer þeim fjölgandi.

Félagsmiðstöðin hefur auglýsta dagskrá sem er breytileg eftir því hver áhugi fólks er og hvað er ákveðið á húsfundum. Tilgangur með þeim er að veita gestum og notendum félagsmiðstöðvarinnar tækifæri til að stýra rekstri hennar.

Ráðskona hefur verið í fullu starfi í félagsmiðstöðinni. Samkvæmt samningi við Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar er hálf stöðugildi liðveislu staðsett í félagsmiðstöðinni. Félagið var opin alla hátíðisdagana sl. jóla. Starfsmenn stuðningsþjónustu sáu um matargerð og opið hús. Á aðfangadag kom sjálfbóðaliði Rauða krossins og var til aðstoðar. Jólapakkar voru undir jólatrénu handa öllum gestum félagsmiðstöðvarinnar.

Skrifstofan

Skrifstofa Geðhjálp er opin frá 9–17 alla virka daga. Álagið hefur vaxið stöðugt eftir því sem umsvifin aukast og félagið verður þekktara. Mikið er um

að fólk leiti eftir aðstoð félagsins í vanda sínum eða ástvinar og hefur fólk þá samband við skrifstofuna, ýmist símleiðis eða persónulega. Reynt er að leysa úr þörf allra, gjarnan með því að vísa á viðeigandi hjálp. Fjárhags- og launabókhald er fært af skrifstofunni bæði fyrir félagið og Stuðningsþjónustuna.

Vinnustofa

Vinnustofa hefur verið sérstök rekstrareining hjá félaginu. Tilraunaverkefni hefur verið í gangi í samstarfi við Prentsmiðjuna Odda. Starfsmaður í liðveislu leiðir verkefnið. Vinnan er fólgin í að líma og brjóta saman möppur og er greitt fyrir fjölda stykkja, samdægurs eða daginn eftir. Starfsemin fer fram í félagsmiðstöðinni.

Samfélagsþjónusta

Fangelsismálastofnun gerði í febrúar 1996 samning við Geðhjálp um samfélagsþjónustu. Félagið tók að sér að veita karlmanni launalaust starf við að fylgja gestum félagsmiðstöðvarinnar í bíó ásamt starfsmanni liðveislu.

Fastir fundir

Ýmsir sjálfshjálparhópar hafa verið starfandi undanfarin ár, í styttri eða lengri tíma, t.d. geðklofasjúklingar, geðhvarfasjúklingar, aðstandendur o.fl. hópar. Sjálfshjálparhópur fólks með fælmi hittist á mánudögum kl. 17.30. Námskeið aðstandenda er á fimmtudögum kl.20 (lokaður hópur). Samstarfshópur um stuðningsþjónustu er fagteymi sem hittist mánaðarlega. Stjórnarfundir eru að jafnaði mánaðarlega eða oftar.

Fræðsla og kynningarstörf

Námskeið fyrir aðstandendur voru haldin sl. vor og haust ásamt stuðningshópum.

Námskeið var haldið í Skálholti í september 1997 ásamt RKÍ fyrir aðstandendur í sjálfboðaliðastarfi fyrir Fjölskyldulínuna. Handleiðsla í samstarfi við sjálfboðamiðstöð RKÍ er fyrir hópinn mánaðarlega í félagsmiðstöðinni.

Fræðslufundir fyrir almenning hafa verið haldnir í mörg ár. Undanfarið hafa þeir verið í félagsmiðstöðinni.

Fjöldi fólks hefur komið og fengið kynningu á starfsemi félagsins. Svæðisráð málefna fatlaðra í Reykjavík hélt einn fund í júní í félagsmiðstöð Geðhjalpar og fékk fræðslu um starfsemi félagsins.

Samstarf var tekið upp við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur um tilraunakennslu á efni sem Geðhjálp lét þýða fyrir börn á grunnskólaaldri.

Félagið gaf út í tilefni af 10. október 1997 bæklinginn „Geðheilsa barnsins þíns“ í 40 þús. eintökum sem var dreift á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu. Endurprentun er í undirbúningi. Bæklingur fyrir börn og unglunga var þýddur og bíður útgáfu.

Fréttabréf Geðhjalpar kemur út nokkrum sinnum á ári og 1-2 tölublöð af tímaritinu Geðhjálp.

Bæði blöðin hafa undanfarið komið út í 10.000 eintökum.

Bæklingurinn Geðhvörf var gefinn út af Lyfjaverslun Íslands með liðsinni Geðhjálpar.

Í undirbúningi er frekari útgáfa fræðsluefnis og bóka.

Viðræður eru í gangi við Hring sjá, starfsþjálfun fatlaðra, um náms- og starfsþjálfun fyrir skjólstaðinga Stuðningsþjónustunnar sérstaklega og er vonast til að fyrsta verkefnið farið í gang bráðlega.

Klúbburinn Geysir

Klúbburinn Geysir var opinberlega stofnaður 10. október 1997. Hann er byggður á hugmyndum Fountain House og er megin markmiðið að vinna að atvinnumálum fólks með geðsjúkdóma. Klúbburinn hittist reglulega í félagsmiðstöðinni á fimmtudögum kl. 14:00 til að undirbúa starfsemina, sem verður sjálfstæð og væntanlega í öðru húsnæði, óháð Geðhjálpar.

Fjölskyldulínan

Fjölskyldulínan 800 5090 var formlega sett á laggirnar 10. október 1997. Þetta er samstarfsverkefni Geðhjálpar og RKÍ. Aðstandendur geðsjúkra mynda hóp sjálfboðaliða til þess að veita öðrum aðstoð í gegnum símann 800 5090. Fjölskyldulínan hefur aðstöðu í Hafnarbúðum.

Sumarmót

Geðhjálpar tekur þátt í árlegu sumarmóti norrænna geðhjálparfélaga. Félagið veitir styrki til geðsjúkra til fararinnar og eru styrkir auglýstir í fréttabréfinu. Árið 1997 var sumarmótið haldið í Finnlandi.

Samstarfsaðilar

Mikið og gott samstarf er við athvarfið Vin og Rauða krossinn, m.a. um uppbyggingu sjálfboðaliðastarfs fyrir aðstandendur, auk sameiginlegs útgáfustarfs og viðhorfskönnunar meðal aðstandenda og sjúklinga í samstarfi við Rauða krossinn og Vin. Samstarf hefur einnig verið um hátíðahöld á alþjóðlegum geðheilbrigðisdegi.

Leitað hefur verið eftir samstarfi við Geðverndarfélag Akureyrar.

Geðhjálpar gerðist formlegur aðili að World Federation for Mental Health 21. janúar 1997.

Alþjóðlegur geðheilbrigðisdagur

Hinn 10. október 1996 var alþjóðlegur geðheilbrigðisdagur haldinn hátíðlegur á Íslandi í fyrsta sinn. Skrifstofa félagsins hélt utan um skipulagningu dagsins ásamt forstöðukonu Vinjar og bar mestan kostnað af aðgerðunum. Dagurinn varð sögulegur þar sem geðsjúkir tóku í fyrsta sinn málin í sínar eigin hendur með aðstoð samtaka sinna og komu fram opinberlega í hátíðargöngu frá heilbrigðisráðuneytinu niður Laugaveg að ráðhúsinu þar sem málþing var haldið og var mjög fjölsótt. Verndari dagsins og ræðumaður var Guðrún Katrín Þorbergsdóttir, forsetafrú, sem lét þetta vera sitt fyrsta opinbera embættisverk og var það félagsmönnum mikill heiður.

Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn 1997 var tileinkaður börnum og geðheilbrigði.

Farið var í göngu frá Hafnarbúðum að Háskólabíói þar sem haldin var skemmtidagskrá fyrir unglunga með rokkhljómsveitum. Ávörp voru flutt og sérstakt þakkarávarp til forsetafrúarinnar. Heilbrigðisráðherra lofaði að styðja félagið í að eignast þak yfir höfuðið og fékk hún mikið lof fyrir. Bæklingurinn „Geðheilsa barnsins þíns“ var gefinn út í tilefni dagsins og geisladiskurinn „Who is stealing my mind?“ sem velunnari gaf félaginu var kynntur.

Vin var með myndlistarsýningu í húsi RKÍ við Efstaleiti, BUGL og Geðhjálp höfðu opið hús og stefnumótunarnefnd heilbrigðisráðherra kynnti bráðabirgðaniðurstöður sínar í geðheilbrigðismálum barna.

Landssöfnun

Landssöfnun fór af stað í júlí 1997 og stóð út nóvember til að afla félaginu fjármuna til þess að standa undir fræðslustarfi og húsakaupum. Fyrirtækið Markaðsmenn var fengið til þess að hringja í landsmenn og bjóða þeim að styrkja félagið og þiggja í staðinn fréttabréf félagsins og tímaritið Geðhjálp. Söfnuðust yfir 8 þúsund styrktarloforð sem verið er að innheimta.

Trúnaðarmaður fatlaðra

Rætt var við trúnaðarmann fatlaðra í Reykjavík að hann hefði fasta viðtalstíma fyrir geðfatlaða og verða þeir auglýstir síðar.

9.2.2 Stuðningsþjónusta Geðhjálp

Geðhjálp hefur rekið stuðningsþjónustu samkvæmt samningi við félagsmála-ráðuneyti og svæðisskrifstofu í Reykjavík allt frá árinu 1994. Samningurinn nær til 30 skjólstaðinga.

Nýrri vakt var bætt við í september 1997 og er þar með vakt allan sólarhringinn á virkum dögum. Hjá Stuðningsþjónustunni starfa 13 manns í 12 stöðugildum, þar af eru 4,5 stöðugildi í félagslegri heimaþjónustu og liðveislu. Framkvæmdastjóri félagsins er einnig framkvæmdastjóri Stuðningsþjónustu.

Stuðningsþjónustan er með heimili fyrir 21 á Bárugötu 19, Vesturgötu 17 og 17a og Skarphéðinsgötu 16 en þjónar auk þess 9 einstaklingum í Hátúni 10 og í eigin íbúðum. Endurbætur voru gerðar á húsnaðinu Vesturgötu 17 og 17a. Brunakerfi er í öllum húsunum beintengt Securitas og hefur það reynst mjög vel.

Stuðningsþjónustan keypti bifreið í maí 1997. Hún hefur nýst vel, mikið hagræði og sparnaður er af henni og þarf starfsfólk ekki lengur að leggja til einkabifreiðar sínar.

Félagið hefur leitað til Hússjóðs ÖBÍ um betra húsnaði fyrir íbúana og er verið að skoða þá möguleika.

Samstarfshópur Stuðningsþjónustunnar hittist mánaðarlega. Í honum eiga sæti fulltrúar frá geðdeildum Landspítalans og SHR, Svæðisskrifstofu, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Geðhjálp, auk þess situr fundina fulltrúi Hússjóðs ÖBÍ. Samstarfshópnum er ætlað að móta stefnu Stuðningsþjónustunnar og meta búsetu- og þjónustubörf.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg um liðveislur og félagslega heimaþjónustu er á lokastigi.

Félagið hefur á stefnu sinni að efla starfsemi Stuðningsþjónustunnar og er leitað allra leiða til þess.

Reynsla af Stuðningsþjónustu

Ljóst er að þeir sem eru „í þjónustu“ þurfa síður á geðdeildarinnlögnum að halda. Eftirspurn eftir þjónustu Stuðningsþjónustunnar hefur stöðugt farið vaxandi og eru nú 34 geðfatlaðir (júní 1998) á biðlista eftir búsetuúrræðum og stuðningsþjónustu. Bættur húsakostur og fjölbreytileiki í þeim eignum hefur auðveldað starfsemi þjónustunnar en ekki hefur verið hægt að veita fleiri skjólstaðingum þjónustu með núverandi starfsmannahaldi, enda er ekki heimild fyrir því í núverandi þjónustusamningi.

9.2.3 Framtíðaráform

Áætlað er að Geðhjálp yfirtaki rekstrarþátt liðveislur og heimilishjálpar fyrir geðfatlaða í Reykjavík sem hefur hingað til verið í höndum Félagsmálastofnunar.

Undirbúningur að framkvæmdum við húsið að Túngötu 7 í Reykjavík er hafinn og er gert ráð fyrir að þar verði íbúðir fyrir 3 einstaklinga, félagsmiðstöð, iðjuþjálfun og skrifstofa félagsins. Landssöfnun verður í samvinnu við Kiwanis á alþjóðlegum geðheilbrigðisdegi 10. október 1998 til að fjármagna framkvæmdir við húsið. Áform eru um að ráða til starfa fulltrúa á skrifstofu, fræðslufulltrúa og iðjuþjálfara.

9.2.4 Stefnumótun Geðhjálpar í geðheilbrigðismálum

Innan félagsins hefur verið starfandi opinn stefnumótunarhópur sem lagði fram tillögu að stefnu félagsins í geðheilbrigðismálum sem var samþykkt af stjórn félagsins og var kynnt á aðalfundi. Hér er úrdráttur úr stefnumótuninni, en aðrir hlutar hennar koma fram annars staðar í þessari skýrslu, m.a. í kafla 6 um geðfatlaða.

„1. kafli. Lausnir á nýtilkomnum vandamálum.“

Afnema strax sumarlokanir geðdeilda

- bæði fullorðins- og barnageðdeilda
- meginkrafa
- einnig jólalokanir
- lokanir leiða til flutninga sjúklinga milli deilda og ótímabærra útskrifta

- fyrirbærinu ber að útrýma áður en það verður fastur „sparnaðar“-liður
- leiðir ekki til sparnaðar, er sennilega dýrara
- lengir veikindi, veldur endurinnlögnum
- ekki er hægt að fresta sturlun til haustsins
- geðdeildir eru nauðsynleg öryggisráðstöfun og má því ekki loka tryggja þarf lágmarkspjónustu, t.d. í lögum um réttindi sjúklinga

Stórauka þarf fjármagn til reksturs barna- og unglिंगageðdeildar

- útrýma þarf biðlista á barna- og unglिंगageðdeild
- 93 börn bíða eftir fyrsta viðtali (12.2.97)
- biðlistinn lengist hratt
- gera þarf BUGL kleift að fullmeðhöndla sjúklinga
- koma í veg fyrir ótímabærar útskriftir
- misþroska börn fá ekki lengur inni á BUGL,
- óvíst hvort þeim er nægilega sinnt annars staðar
- á sama tíma hafa greiðslur ríkis til sérstuðnings fyrir börn með tilfinningaleg vandamál á leikskólum verið stöðvaðar
- og sálfræðipjónusta skóla er víða í molum eftir yfirfærsluna til sveitarfélaga
- engin skipulögð þjónusta er við geðsjúk börn nema í Reykjavík."

...

„Leiðréttá þarf hækkunir læknis- og lyfjakostnaðar:

- hækkun á göngudeildargjaldi, var ekki rukkað áður
- hækkun á komugjaldi á heilsugæslustöð, var kr.0, nú kr.700
- hækkun á hlut sjúklings í sérfræðikostnaði
- hækkun á lyfjum: róandi, svefn- og flogalyf ekki lengur niðurgreidd
- hækkun á hlut sjúklings í niðurgreiddum lyfjum
- lækkun eða niðurfelling á uppbót á lífeyri vegna sjúkrakostnaðar
- kostnaðarhlutdeild fátækasta hópsins hefur aukist
- hefur farið leynt
- þarf að kanna nákvæmlega
- fylgjast með skipulega, opinberlega
- hefur t.d. leitt til þess að fólk veigrar sér við að leysa út lyfseðla."

....

„Yfirvöld hætti að gefa út tilkynningar um stórfelld sparnaðaráform

- veldur óöryggi
- samanber áhrif ófyrirsjáanlegrar hegðunar foreldra á börn
- umbunað verði fyrir hagsýni í rekstri en ekki refsað eins og nú
- Samstarf verði milli ráðuneyta í stað samkeppni um hver geti skorið mest niður

2. kafli. Langtímamarkmið

Geðhjálp leggur áherslu á að þverfagleg þjónusta við geðsjúka utan sjúkrahúsa verði byggð upp, þannig að boðin verði greining, meðferð, ráðgjöf, eftirfylgd og stuðningur við sjúkling og aðstandendur, og félagsnetið treyst. Margir geðsjúkir fá enga eða ófullnægjandi meðferð og þjónustu. Hlutfall barna sem fá ekki viðeigandi meðferð við geðtruflun er hærra en fullorðinna.

Haft verði að leiðarljósi í allri þjónustu við geðsjúka og geðfatlaða að virðing verði borin fyrir einstaklingnum og hann haldi fullum mannréttindum og sama lífsgæðastaðli og aðrir þegnar, líkt og tryggt hefur verið fyrir aðra fatlaða.

Sparnaðarleiðir:

Samstarfsnefnd geðdeilda, ráðuneyta, félagsmálayfirvalda og Geðhjálp

- til að framfylgja heildarstefnu stefnumótunarnefndar
- hagræða í rekstri án þess að skerða þjónustu
- koma í veg fyrir að kröfur um sparnað leiði einungis til tilfærslna á útgjöldum frá einum bókhaldslykli til annars.

Veita þjónustu fyrir

- efla þjónustu við börn og fjölskyldur
- veita hjálp áður en geðdeildarinnlögn er nauðsynleg
- forvarnir

Styrkja ódýrari meðferðarform/stuðning/búsetu

- geðheimahjúkrun
- iðjuþjálfun utan sjúkrahúsa
- Stuðningsþjónustu Geðhjálp
- sjúkrahótel
- verndaðar íbúðir (sbr. íbúðir ÖBÍ)

Stöðugt hagræðingarstarf er vænlegra til árangurs en skyndileg niðurskurðaráform

- á faglegum grunni
- byggist á samstarfi í stað samkeppni

Fyrirbyggjandi starf (1., 2. og 3. stigs forvarnir)

- berjast gegn þekktum áhættuþáttum:
- atvinnuleysi, fátækt, ofneyslu áfengis og annara vímuefna, ofbeldi, vanrækslu barna og misnotkun
- taka afleiðingum af árangri erlendis frá:
- hægt er að draga úr tíðni geðtruflana með forvarnarstarfi

- byggist fyrst og fremst á fræðslu
- fordómar seinka því að leitað er hjálpar
- berjast gegn fordómum
- berjast gegn einangrun geðsjúkra
- fræðsla meðal almennings, ungs fólks, aldraðra o.fl. hópa
- fræðsla meðal geðsjúkra
- bæta sálfræðiþjónstu skóla
- bæta samstarf þeirra sem fást við börn og ungmenni
- kenna grundvallaratriði um geðtruflanir í 6.-10. bekk
- kenna afleiðingar áhættuhegðunar í 7.-8. bekk
- efla kennslu um vímuefnahættu í 8.-9. bekk
- efla skólustarf
- styðja foreldra:
- fræðsla um hættumerki
- fjölskylduráðgjöf verði í boði í öllum kjördæmum
- skipulögð leit að áhættuþáttum: á meðgönguútíma, í mæðraeftirliti, hjá dagmæðrum, í leikskólum og grunn- og framhaldsskólum

Uppbygging geðheilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa er fyrirbyggjandi

- þjónustan komi til fólksins, styðji umhverfið og sjúklinginn, líka eftir útskrift
- án þess að skerða meðferð innan sjúkrahúsa
- heimaþjónusta, geðheimahjúkrun, sálfræðiþjónusta, félagsráðgjöf, iðjuþjálfun fyrir aðra en innlagða (lífsiðjuþjálfun)
- skipulögð, ókeypis áfallahjálp
- meira samstarf starfsfólks innan og utan geðdeilda
- efla aðstandendastarf, Geðhjálp og annarra (fræðsla og stuðningur)
- könnun á viðhorfum og þörfum aðstandenda og sjúklinga
- sjúklingar og aðstandendur verði hafðir með í ráðum
- og fengnir til að taka þátt í að standa að þjónustunni
- styrking heilsugæslu, skipulag fræðlustarfs
- fræðsla fyrir starfsfólk annarra sjúkrahúsdeilda en geðdeilda

Efling Stuðningsþjónustu Geðhjálp

- hefur reynst vel, fækkað innlögnum
- þjónar illa settu fólki, sem var áður á götunni
- byggir á samstarfi
- biðlisti er að myndast

Sinna þarf betur öðrum sem ekki hafa fengið næga þjónustu

- geðsjúkir fíkniefnaneytendur
- geðsjúkir fangar, bæði sakhæfir og ósakhæfir

Halda betur utan um ungt fólk sem er að veikjast í fyrsta sinn

- meðferðarheimili
- í stað deilda með langlegusjúklingum
- veita aðstandendum þeirra betri þjónustu og stuðning strax í upphafi veikinda
- fræðsla um sjúkdóminn og meðferðarkerfið

Aðstandendur þurfa meiri þjónustu

- móttaka, t.d. við fyrstu innlögn skiptir miklu máli
- ráðgjöf
- samráð
- fræðsla

Umboðsmaður sjúklinga (trúnaðarmaður)

- eftirlitskerfi með nauðungarinnlögnum og –meðferðum
- sérstakt kerfi fyrir geðsjúka
- kærumböguleikar."

9.2.5 Löggjöf um geðsjúka

Við endurskoðun lögræðis laga 1997 var ekki haft samráð við Geðhjálp og ekki orðið við tilmælum félagsins um bættu áfrýjunarmöguleika né um eftirlitsaðila með nauðungarvistun og -meðferð. Því þarf að huga að endurskoðun þessara laga nú þegar.

Geðhjálp hefur lagt til að við yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna verði tryggt í endurskoðuðum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, að fjármagni verði áfram veitt til uppbyggingar á þjónustu við geðfatlaða. Þetta er gert nú í lögum um málefni fatlaðra. Hefur það lagaákvæði gert að verkum að byggð hefur verið upp mikilvæg þjónusta víða á landinu. Kostnaður við þannig uppbyggingu er af slíkri stærðargráðu að sveitarfélög myndu væntanlega ekki standa fyrir því á eigin vegum. Má þar nefna sem dæmi áfangastaðinn við Bárugötu, sambýli við Miklubraut og á Akureyri, meðferðarheimili að Skaftholti o.fl.

Félagið telur því brýnt að skyldur opinberra aðila gagnvart geðsjúkum að þessu leyti verði lögfestar, líkt og gert er í sumum nágrannalanda okkar. Því hefur Geðhjálp lagt til að sett verði ákvæði í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga um skyldur sveitarfélaga til að veita geðfötluðum stuðningsþjónustu eftir þörfum hvers og eins, og að áfram verði sérstöku fjármagni varið til uppbyggingar þjónustu fyrir geðfatlaða á landinu sem

heild. Ennfremur að starfshópur hafi yfirumsjón með þjónustunni og að stýrihópar beri ábyrgð á þjónustu við geðfatlaða, hver á sínu svæði á landinu. Er það í samræmi við tillögur í kafla 6 í þessari skýrslu.

9.3 Geðverndarfélag Íslands

Geðverndarfélag Íslands var stofnað þann 18. desember 1949.

Fyrsti formaður félagsins var dr. Helgi Tómasson. Gjaldkeri dr. Jakob Jónsson, aðrir í fulltrúaráði; Valborg Sigurðardóttir skólastjóri, Alfreð Gíslason læknir og Guðríður Jónsdóttir fundarritari.

Árið 1952 sækir félagið um aðild að World Federation of Mental Health.

Árið 1955 var samþykkt lagabreyting um að kjósa 5 manna stjórn og leggja niður fulltrúaráð, ekki getið um neina breytingu á stjórn.

Um mitt ár 1969 afhendir Geðverndarfélag Íslands S.Í.B.S. að Reykjalundi 3 vistmannahús til rekstrar. Árið 1974 byggir Geðverndarfélag Íslands og fleiri pláss á Reykjalundi svo að félagið á þar nú 22 rými.

Í apríl 1985 var svo formlega opnuð Endurhæfingarstöð Geðverndarfélagsins að Álfalandi 15, að miklu leyti fjármögnuð af Kiwanismönnum. Þar geta búið 7 einstaklingar, en að auki er lítil íbúð sem leigð hefur verið skjólstæðingum félagsins. Einnig á félagið og rekur tvær íbúðir, aðra að Asparfelli 12 og hina að Ásholti 16, er hýsa 7 íbúa, oft í framhaldi af endurhæfingarstarfi að Álfalandi 15.

Árið 1996, þann 10. október, á alþjóðadegi geðverndarmála, var svo barna- og unglिंगageðdeild afhent íbúð til rekstrar fyrir foreldra geðveilla barna utan af landi, sem sækja þurfa lækningar þar. Einnig þar komu Kiwanismenn og konur til skjalanna um fjármögnun, en félagið sá um innbú o.fl.

Núverandi starfsemi

Geðverndarfélag Íslands á og rekur húsnæði sem notað er fyrir einstaklinga sem eiga við langvarandi geðsjúkdóm að stríða.

Þrjú vistmannahús að Reykjalundi auk hluta í viðbyggingu þar eru eign félagsins samtals með rúmum fyrir 22 sjúklinga og með þeirri aðstöðu hafa geðveikir átt aðgang að endurhæfingaraðstöðu á Reykjalundi eins og aðrir sem eiga við langvinn veikindi að stríða.

Með rúmlega 2ja milljóna árlegum styrk á fjárlögum rekur félagið Endurhæfingarstöð í Fossvogi fyrir 7 einstaklinga sem hafa legið á geðdeildum.

Auk þess á félagið þrjár íbúðir á Reykjavíkursvæði og eru tvær þeirra notaðar fyrir einstaklinga með langvinna geðsjúkdóma og ein notuð fyrir foreldra barna og unglिंगa sem dvelja á barna- og unglिंगageðdeild Landspítala.

Geðverndarfélag Íslands gefur út, að minnsta kosti einu sinni á ári, tímaritið „Geðvernd“, en ritstjóri þess er Eiríkur Örn Arnarson yfirsálfræðingur á geðdeild Landspítala. Einnig hefur félagið séð um útgáfu smárita um nokkrar tegundir geðraskana, svo sem fyrsta ritið, er fjallaði um sjálfsvíg unglunga, og hefur eftirspurn eftir þeim verið svo mikil að nú nýlega er lokið þriðju endurprentun á „Aðeins eitt líf“ og annarri prentun á „Kvíðaköst“ og „Áráttu og þráhyggja“, en um þau fræðslurit sá fyrrverandi formaður félagsins, Jón G. Stefánsson.

Öll þessi smárit hafa verið send heilsugæslustöðvum um land allt, og einnig til framhaldsskóla.

Núverandi formaður félagsins er Tómas Zoëga, yfirlæknir á geðdeild Landspítalans. Aðrir í stjórn eru Þórunn Pálsdóttir, varaform., Jón K. Ólafsson gjaldkeri, Sigurrós Sigurðardóttir, Halldór Hansen. Ritari stjórnar er Elísabet A. Möller, framkvæmdastjóri félagsins.

9.4 Geðverndarfélag Akureyrar

Geðverndarfélag Akureyrar var stofnað í desember 1974 og hefur haft á stefnuskrá sinni að láta sig varða og styðja af alefli hagsmuni geðsjúkra á Norðurlandi.

Starfsemi

Geðverndarfélagi Akureyrar tókst með góðu liðsinni margra aðila að festa kaup á húseigninni að Álfabyggð 4 á Akureyri og með styrk frá KIWANIS-hreyfingunni að endurnýja húsið til að nota í þágu geðfatlaðra.

Rekstur sambýlis fyrir einstaklinga með langvinna geðsjúkdóma hófst þar á haustmánuðum 1988.

Akureyrarbær rekur þar nú áfangaheimili fyrir allt að fimm einstaklinga á efri hæðum hússins.

Þar sem ítrasta aðhalds er gætt í rekstri er dvalarkostnaður allur íbúum afar hagstæður eða kr. 28.000 á mánuði. (1998)

Á neðstu hæð hússins sem er með öllum húsbúnaði eru fjögur einstaklingsherbergi, stofa og eldhús sem félagið hefur leigt út gegn vægu gjaldi. Þessarar þjónustu hafa notið einstaklingar með langvinna geðsjúkdóma sem ekki hafa átt í önnur hús að venda þrátt fyrir mikla eftirleitan.

Félagið hefur í gegnum tíðina reynt með ýmsum hætti að ná til fólks svo sem með fyrirlesturum, opnu húsi, ráðgjöf o.fl.

Undanfarið hefur starfsemin nær eingöngu verið tengd rekstri Álfabyggðar 4 og útgáfustarfsemi, en félagið hefur gefið út smárit um geðsjúkdóma er nefnist „Geðfræðsla“. Komið hafa út 36 hefti gegnum árin, það síðasta nú í febrúar þar sem fjallað er um geðklofa.

Félagið heldur að sjálfsögðu áfram að styðja hvers konar starfsemi í þágu geðfatlaðra.

9.5 **Rauði kross Íslands**

Rauði kross Íslands hefur rekið Vin, athvarf fyrir geðfatlaða, við Hverfisgötu 47 í Reykjavík frá árinu 1993. Rauði krossinn var stofnaður til að bæta stöðu og lina þjáningar við ákveðnar þjóðfélagsaðstæður. Var því talið að það væri í anda hreyfingarinnar að mæta þörfum geðsjúkra á Íslandi. Samkvæmt ársskýrslu Vinjar 1997 er ekki vitað til að Rauðikrossinn reki athvarf annarsstaðar í heiminum sem eingöngu sinnir geðfötludum.

Árið 1997 heimsóttu 277 einstaklingar Vin og voru gestakomur 6.932. 34% gesta voru konur. Gestakomum hefur fjölgað jafnt og þétt með hverju ári. Sérstaklega hefur fjöldi matargesta aukist mikið, eða meira en tvöfaldast á fjórum árum. Mikil fjölgun verður á gestakomum hvert ár í kjölfar lokana geðdeilda. Starfsfólk verður vart við kvíða og óöryggi hjá gestum í tengslum við þær. Einnig verður starfsfólk vart við versnandi efnahag hjá gestum Vinjar. Þessar aðstæður, það að vera berskjaldaður og í hlutverki hins óvirka móttakanda, draga úr þeim sköpunarmætti og krafti sem allir búa yfir, segir í ársskýrslu Vinjar 1997.

Könnun hefur sýnt að þeir sem heimsækja Vin reglubundið finna fyrir áberandi miklum kvíða og depurð, upplifi sig í slæmum félagslegum aðstæðum og að þau félagslegu samskipti sem eiga sér stað innan veggja Vinjar skipta þau miklu. Einnig kom fram að ytri aðstæður þessara einstaklinga eru langt fyrir neðan það sem fullnægjandi getur talist.

Starfsmenn Vinjar eru fjórir auk starfsmanns í ræstingum. Auk þess er sjálfbóðaliðastarf öflugt, fyrst og fremst af hálfu Ungliðahreyfingar Rauða krossins.

Rauði kross Íslands, Kópavogsdeild, áætla að koma á fót athvarfi fyrir geðfatlaða í Kópavogi í samvinnu við Kópavogsbæ og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi.

Ennfremur rekur Rauði kross Íslands Rauðakrosshúsið við Tjarnargötu 35, sem veitir unglíngum ýmsa þjónustu, milliliðalaust, m.a. Trúnaðarsímann. Sjá kafla 5.1.4.2.8.